

**610. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 28. mars 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 610 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að mál bætist við dagskrá með málsnúmer 2303068. Var það samþykkt samhljóða og verður málið nr. 12 á fundinum og færast aðrir liðir aftar sem því nemur.

Dagskrá:

1. Samstarf um velferðarþjónustu á Vestfjörðum - 2210487

Tillaga starfshóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum um að sveitarfélög á Vestfjörðum vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu og þjónustu við fólk með fötlun, og að gerður verði samningur við Ísafjarðarbæ um að vera leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga. Jafnframt eru lögð fram drög að samningi vegna verkefnisins. Síðari umræða.

Mál frá 609. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 14.03.2023.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps.

2. Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun - 2208006

Endurskoðuð samþykkt um búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til síðari umræðu.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða endurskoðaða samþykkt um búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi.

3. Fyrirspurn um stöðu slökkviliðsins og vinnslu brunavarnaáætlunar - 2209201

Erindi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 08.03.2023 varðandi stöðu slökkviliðs og vinnslu brunavarnaáætlunar.

Sveitarstjórn telur rétt að erindið sé tekið til skoðunar í formlegum viðræðum Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um sameiningu sveitarfélaganna.

4. Framkvæmdir 2023 - 2301067

Tillaga að uppfærðri framkvæmdaáætlun fyrir árið 2023 lögð fram.

Þar er lagt til að á árinu 2023 verði lokið við endurnýjun vatnsveitulagna í Túngötu, malbikun á Miðtúni og 90 metra kafli í Mótatúni, frá Lækjargötu að húsi nr. 14, verði

endurnýjaður og malbikaður. Þessar aðgerðir rúmast innan samþykks fjárhagsramma, en aðrar framkvæmdir færast á næstu ár.

*Framlögð tillaga er samþykkt með fjórum atkvæðum.
GJ greiðir atkvæði á móti.*

5. Starfsemi þjónustumiðstöðvar - 2303170

Tillaga um breytingar um starfsemi þjónustumiðstöðvar lagðar fram sem byggja á áherslum samþykktum í fjárhagsáætlun 2023-2026 þar sem m.a. kemur fram að þjónustumiðstöð verður lögð niður í núverandi mynd og ábyrgð á eftirliti og viðhaldi eigna færð undir eignasjóð með tilheyrandi breytingu í starfsmannahaldi sem og samþykkt sveitarstjórnar á starfslýsingu starfsmanns Tálknafjarðarhafnar og eignarsjóðs.

Sveitarstjórn samþykkir með þremur atkvæðum að sveitarstjóra verði falið að vinna nauðsynlegar breytingar í rekstri og starfsmannahaldi til samræmis við framlagða tillögu.

JÖH greiðir atkvæði á móti og GJ situr hjá.

6. Viðhald og sláttur opinna svæða 2023 - 2301027

Tillaga umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að viðhald og sláttur opinna svæða verði boðið út á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Mál frá 8. fundi umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.03.2023.

Samþykkt samhljóða að viðhald og sláttur opinna svæða verði boðið út á grunni fyrirliggjandi gagna og felur sveitarstjóra að uppfæra fermetraffjölda í takt við umræður á fundinum.

7. Búfjargirðing - 2303078

Tillaga umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um uppsetningu sauðfjargirðingar við þéttbýlið í Tálknafirði. Nefndin leggur til að við uppsetningu búfjargirðingar verði gengið þannig frá svæðinu við girðinguna að nýta megi það sem göngustíg.

Mál frá 8. fundi umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.03.2023.

Samþykkt samhljóða að sauðfjargirðing verði sett upp við þéttbýlið á Tálknafirði í samræmi við framlagða tillögu eins og kemur fram á teikningu sem er merkt U12.020A. Sveitarstjóra er falið að koma verkefninu í framkvæmd enda í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.

8. Virkjun við Sellátra - 2303048

Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Sellátur ehf. dags. 08.02.2023 þar sem óskað er eftir leyfi til að hefja framkvæmdir við endurbyggingu vatnsvirkjunar í landi Sellátra í Tálknafirði.

Mál frá 8. fundi umhverfis og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.03.2023 og 7. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.03.2023.

Sveitarstjóri óskaði eftir að víkja af fundi vegna eignatengsla, var það samþykkt og vék

hann af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita framkvæmdaleyfi fyrir verkefninu í samræmi við bókannir nefnda um málið.

9. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Samþykkt skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps á tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Tálknafjarðar á vinnslustigi og kynningu þess.

Mál frá 7. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.03.2023.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Tálknafjarðar á vinnslustigi í samræmi við samþykkt skipulagsnefndar. Skipulagstillagan skal kynnt íbúum á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps frá 30. mars 2023 og skal sú kynning standa yfir til 5. maí 2023. Á forkynningarstigi verður hægt að koma með ábendingar í tölvupósti á netfangið talknafjordur@talknafjordur.is. Unnið verður úr ábendingum um innihald tillögunnar og tillagan síðan lögð fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn að nýju. Kynning aðalskipulagstillögu á vinnslustigi verði skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2020.

10. Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri - 2210466

Afgreiðsla skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps á innsendum umsögnum um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 varðandi fiskeldi á Gileyri við Tálknafjörð

Mál frá 7. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.03.2023.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða afgreiðslu skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps á innsendum umsögnum um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 varðandi fiskeldi á Gileyri við Tálknafjörð. M.t.t til framkominna ábendinga í umsögnum sem bárust við lýsinguna þá telur sveitarfélagið að það sé mikilvægt að það komi fram í umhverfismatsskýrslu breytingartillögunnar hvernig tilhögun fráveitu verði, gerð verði grein fyrir samlegðaráhrifum fráveitu á viðtaka og vöktun vistkerfis skilgreind. Jafnframt verði gerð grein fyrir vatnstöku, meðferð úrgangs og sleppivörnum. Þá er vakin athygli á hlutverki Umhverfistofnunar sem leyfisveitanda varðandi lagnir í sjó.

11. Fyrri fundur sveitarstjórnar í apríl 2023 - 2303169

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 24.03.2023 þar sem lagt er til að fyrri reglubundni fundur sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps í apríl, sem á að fara fram þriðjudaginn 11.04.2023, falli niður.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fyrri reglubundni fundur sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps í apríl, sem á að fara fram þriðjudaginn 11.04.2023, falli niður

12. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2023 - 2303068

Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem boðað er til aðalfundar sjóðsins sem fer fram í Reykjavík 31.03.2023.

Lagt fram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Lilja Magnúsdóttir, oddviti sveitarstjórnar, fari með umboð Tálknafjarðarhrepps á fundinum.

13. Fræðslunefnd - 8 - 2303004F

Fundargerð 8. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.03.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 13.1 2303095 - Stoðþjónusta í leik- og grunnskólum vegna farsældarlag
- 13.2 2303077 - Skóladagatal 2023-2024
- 13.3 2303034 - Uthlutun og ráðastöfun fjármuna til grunnskóla
- 13.4 2303075 - Stefna um nýtt námsmat grunnskóla
- 13.5 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023

14. Umhverfis- og byggingarnefnd - 8 - 2303005F

Fundargerð 8. fundar umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.03.2023.

Fundargerðin er staðfest.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að meltubúnaður við Tryggvabúð standi ekki lengur en veitt leyfi heimilar.

- 14.1 2303048 - Virkjun við Sellátra
- 14.2 2303001 - Umsókn fyrir uppsetningu meltu búnaðar við Tryggvabúð
- 14.3 2302085 - Tunguá vatn Ártún
- 14.4 2301027 - Viðhald og sláttur opinna svæða 2023
- 14.5 2303078 - Búfjargirðing
- 14.6 2303067 - Staða og framtíð lagareldis á Íslandi
- 14.7 2302101 - Bruni 23.02.2023

15. Skipulagsnefnd - 7 - 2302005F

Fundargerð 7. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.03.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 15.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 15.2 2210466 - Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri
- 15.3 2303048 - Virkjun við Sellátra
- 15.4 2301104 - Skipulagslýsing vegna áforma um stækkun Mjólkárviðkjunar

16. Innleiðing heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum - 2303102

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 15.03.2023 varðandi innleiðingu heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum.

Lagt fram.

17. Tillagna verkefnisstjórnar um bætтар starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. - 2303112

Erindi frá innviðaráðherra og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 15.03.2023 þar sem vakin er athygli á tillögum verkefnisstjórnar um bætтар starfsaðstæður kjörinna fulltrúa með þeim tilgnagni að draga úr álagi, bæta starfsaðstæður og samskipti kjörinna fulltrúa sín á milli og við íbúa. Jafnframt er hvatt til þess að sveitarstjórnir móti sér markvisst vinnufyrirkomulag til að draga úr álagi á kjörna fulltrúa á hverju kjörtímabili.

Lagt fram.

18. Móttökuáætlun fyrir íbúa af erlendum uppruna - 2303120

Erindi frá Fjölmeningarsetri þar sem vakin er athygli á móttökuáætlun fyrir íbúa af erlendum uppruna.

Lagt fram.

19. Ný stefna og aðgerðaráætlun á málefnasviði sveitarfélaganna - 2303123

Erindi frá skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála hjá Innviðaráðuneytinu dags. 20.03.2023 varðandi þingsályktun um nýja stefnu og aðgerðaráætlun á málefnasviði sveitarfélaganna. Jafnframt er lögð fram "Hvítbók í málefnum sveitarfélaga". Drög að stefnu til áráanna 2024-2038 og fimm ára aðgerðaráætlun" sem liggur frammi til kynningar á samráðsgátt stjórnvalda með umsagnarfresti til 14.04.2023.

Lagt fram.

20. Tillaga kjörnefndar vegna breytinga á fulltrúum í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2303161

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 23.03.2023 þar sem gert er grein fyrir tillögum kjörnefndar að breytingum á fulltrúum í stjórn sambandsins.

Lagt fram.

21. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Upplýsingagjöfin var rædd.

22. Fundargerðir 2023 Velferðarráð - 2301047

Fundargerð 46. fundar velferðarráðs Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 09.03.2023.

Lagt fram.

23. Samstarfsnefnd vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046

Fundargerð fundar samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 16.03.2023.

Lagt fram.

24. Fundargerðir Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður - 2209249

610. fundur
30.03.2023

Fundargerð stjórnarfundar Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. sem fór fram 14.03.2023.

Lagt fram.

25. Fundargerðir 2023 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2303086

Fundargerðir stjórnarfundu Náttúrustofu Vestfjarða nr. 140 sem fór fram 09.02.2023 og nr. 141 sem fór fram 01.03.2023.

Lagt fram.

26. Fundargerðir 2023 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2301063

Fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 17.03.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:06.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)